



# VERKLAG

GRUNUR UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN BARNA



Verklag fyrir alla þá sem starfa með börnum og ungmennum eða koma að umönnun barna með öðrum hætti þegar upp kemur grunur um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna.

**Fyrst útgefið:** 2021  
Reykjanesbæ

**Undirbúningshópur og ritstjórn:**  
Starfsmenn barnaverndar á velferðarsviði Reykjanesbæjar  
Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags á velferðarsviði Reykjanesbæjar

Verklag þetta má finna á rafrænu formi á vef Reykjanesbæjar og í gæðahandbók Reykjanesbæjar.



**VIRÐING ELDMÓÐUR FRAMSÆKNI**



## **EFNISYFIRLIT**

Formáli	<b>4</b>
<hr/>	
Barnasáttmálinn	<b>5</b>
<hr/>	
Tilkynningarskylda	<b>6</b>
<hr/>	
Verklag	<b>7</b>
<hr/>	
Ferli mála	<b>9</b>
<hr/>	
Hvaða mál ber að tilkynna?	<b>10</b>
<hr/>	
Að bera kennsl á ofbeldi gegn börnum	<b>13</b>
<hr/>	
Hagnýtt efni	<b>14</b>
<hr/>	

## Formáli

Reykjanesbær leggur áherslu á að vera fjölskyldubær sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótta- og menningarstarf. Reykjanesbær telur mikilvægt að styðja við börn svo þau blómstri í fjölskyldunni, skólum, íþróttum og tómstundum til að auka kraft samfélagsins. Reykjanesbær leggur áherslu á kraft fjölbreytileikans og telur mikilvægt að nýta til fulls kosti fjölbreytileikans og efla alla bæjarbúa til að búa sér og börnum gott líf með virkri þátttöku samfélagsins. Gildi Reykjanesbæjar eru virðing, eldmóður og framsækni en þar er dregið fram mikilvægi þess að bera virðingu fyrir hvert öðru, vera umburðarlynd gagnvart ólíkri menningu og mismunandi aðstæðum. Takast á við fjölbreyttar áskoranir af þrautseigju og eldmóði ásamt því að mæta framtíðinni með áræðni og framsækni gagnvart þróun nýrra lausna. Barnavernd Reykjanesbæjar leggur áhersla á að veita barnvæna þjónustu með því að virða, vernda og framfylgja réttindum hvers barns ásamt því að veita þeim viðeigandi þjónustu, umönnun, þátttöku og vernd. Auk þess að gefa börnunum tækifæri á að tjá skoðanir sínar miðað við aldur þeirra og þroska og taka þátt í ákvarðanatöku er varðar þeirra líf. Börn eiga rétt á að alast upp í friði, öryggi og við góðar uppeldisaðstæður og vernd gegn ofbeldi og vanrækslu. Reykjanesbær telur mikilvægt að þjónusta við börn og foreldra þeirra verði þverfagleg innan og milli sviða Reykjanesbæjar. Ásamt því að veita stuðning sem mest í nærumhverfinu þar sem lögð er áhersla á forvarnir, almenna og sérhæfða þjónustu sem miðar að þörfum fjölskyldna í Reykjanesbæ.

Börn og ungmenni geta búið við óviðunandi uppeldisaðstæður eða átt við tilfinningalega erfiðleika að stríða. Þess vegna er mikilvægt að fólk sem starfar með börnum þekki tilkynningarskyldur sínar, vinnulag og stuðningsúrræði barnaverndar ásamt einkenni barna sem búa við ofbeldi eða vanrækslu.

Verklag þetta skal skoða og uppfæra reglulega



**REYKJANESBÆR**  
Í KRAFTI FJÖLBREY TILEIKANS

# BARNASÁTTMÁLINN

## Greinar í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lúta að vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barna

### 19. gr. Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illri meðferð og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning.

### 27. gr. Lífsskilyrði

Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og bera foreldrar höfuðábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna. Aðildarríki skulu tryggja foreldrum fjárhagsaðstoð og stuðningsúrræði ef þörf krefur. Jafnframt skulu aðildarríkin tryggja hverju barni innheimtu framfærslulífeyris frá þeim sem ber fjárhagslega ábyrgð á barninu, hvort sem viðkomandi býr innanlands eða í útlöndum.

### 33. gr. Vernd gegn ólöglegri notkun ávana-, fíkní- og skynvilluefna

Tryggja skal vernd barna gegn ólöglegri notkun ávana-, fíkní- og skynvilluefna og til þess skulu aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félagsmála og menntamála.

### 34. gr. Kynferðislegt ofbeldi

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns kynferðislegu ofbeldi, s.s þátttöku í hvers kyns kynferðislegri háttsemi, vændi eða klámi.

### 39. gr. Bati og aðlögun

Tryggt skal að börn sem sætt hafa vanrækslu, misnotkun, grimmilegri eða vanvirðandi meðferð eða eru fórnarlömb átaka fái viðeigandi meðferð til að ná bata og aðlagast samfélaginu.

# TILKYNNINGARSKYLDA

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002

## 16. gr. Tilkynningarskylda almennings.

**1. mgr.** Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Tilkynnandi skv. 16. gr. getur óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd.

**2. mgr.** Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.

## 17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

**1. mgr.** Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

**2. mgr.** Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, [náms- og starfsráðgjöfum] <sup>1)</sup> og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

- **Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir!**
- Það er hlutverk barnaverndar að meta hvort tilkynning sé nægilega rökstudd og taka ákvörðun um frekari athugun í framhaldi af því.

- Tilkynningarskylda gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.
- **Mismunandi form tilkynninga:**
  - 112
  - Beint samband við starfsmenn barnaverndar Reykjanesbæjar
  - **Stofnanir skulu tilkynna skriflega**
  - Börn leita sjálf eftir aðstoð
  - Foreldrar leita sjálfir eftir aðstoð.

# VERKLAG

## Þegar grunur vaknar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættu hegðun barns

Hér fyrir neðan er að finna leiðbeiningar fyrir **alla starfsmenn** Reykjanesbæjar ef barn leitar til starfsmanns og gefur í skyn að það búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu á heimili sínu.

### Hlutverk starfsmanna og æskileg viðbrögð

1

Mikilvægt er að starfsmaður sýni viðeigandi framkomu ef barn leitar til hans og gefur í skyn að ofbeldi eða vanræksla eigi sér stað inni á heimili þess eða annars staðar. Mjög mikilvægt er að starfsmaður sem barn leitar til hafi eftirfarandi atriði í huga:

- Barnið sýnir starfsmanninum traust og ber starfsmanni í hvívetna að virða það traust.
- Mikilvægt er að starfsmaður haldi ró sinni, hlusti á barnið og leyfi því að tjá sig óhindrað.
- Mikilvægt er að beita barnið ekki þrýstingi.
- Segðu barninu að réttir aðilar þurfi að vita hvað gerðist svo hægt sé að hjálpa því.
- Viðbrögð fullorðinna eru oft grundvallarþáttur í því hvernig barn vinnur úr áfalli.
- **Gott er að nota setningar eins og** „Takk fyrir að segja mér frá þessu“, „Er eitthvað annað sem þú vilt segja mér?“ og „Ég ætla að hjálpa þér“.

Ekki spyrja leiðandi spurninga. Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að hlusta á barnið og taka við þeim upplýsingum sem það gefur. **Leiðandi spurningar geta haft áhrif á framvindu máls hjá lögreglu.**

**Dæmi um leiðandi spurningu:** „Fórstu heim til Óla eftir skóla á föstudaginn?“. Réttara væri að spyrja: „Hvert fórstu eftir skóla á föstudaginn?“.

Ef um sýnilega áverka á barni er að ræða eða barn segir frá ofbeldi skal samstundis upplýsa stjórnanda viðkomandi stofnunar eða félagasamtaka. Stjórnandi hefur án tafar samband við **112**.

Ef grunur er um óviðunandi uppeldisaðstæður, ofbeldi eða áhættu hegðun barns.

- Starfsmaður skal koma upplýsingum til stjórnanda svo fljótt sem auðið er.
- Alltaf er hægt að leita ráðgjafar hjá starfsmönnum barnaverndar.
- Stjórnandi ber ábyrgð á því að tilkynna um málið til barnaverndar.
- Hlutverk barnaverndar er að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem gilda.
- Í þeim tilvikum þar sem ítrekaðar ábendingar starfsfólks til foreldra, stuðningur og beiting vægari úrræða hafa ekki náð að bæta aðstæður barns/ungmennis eða hegðun þess skal tilkynna málið til barnaverndar.

421 6700

112

Ef grunur er um að foreldri eða einstaklingur sem sækir barn í skólann eða stofnun sé undir áhrifum áfengis- eða annarra vímuefna.

- Ef hægt er skal leita til stjórnanda og vísa viðkomandi inná skrifstofu hans í samtal.
- Gera skal viðkomandi grein fyrir grunsemdum starfsfólks og ekki sé rétt að hann fari með barnið.
- Starfsmaður skal reyna að koma í veg fyrir að viðkomandi fari með barn af vettvangi ef talið er að barnið sé í hættu. Stjórnandi óskar eftir liðsinni lögreglu með því að hringja í **112** ef þörf er á.

Ef grunur er um að annar starfsmaður beiti barn ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun.

- Starfsmaður lætur næsta stjórnanda vita. Stjórnandi setur málið í réttan farveg í samræmi við verklagsreglur stofnunar eða félags.
- Stjórnandi tilkynnir málið til barnaverndar.

### Skráning málsatvika

2

- Starfsmenn skulu leggja áherslu á að skrá eins fljótt og auðið er málsatvik og samtöl vegna hugsanlegrar tilkynningar. Því meira sem skráð er því betra.
- Varðveita skal skráðar upplýsingar í læstum hirslum eða herbergjum.
- Þættir sem gott er að skrá:
  - Líðan barns þegar það segir frá og hvernig leið því eftir á.
  - Sýnilegir áverkar.
  - Hvað sagði barnið og hverjum.
  - Í hvaða aðstæðum sagði barnið frá.

### Hvert getur starfsmaður leitað?

3

- Starfsmaður skal leita strax til næsta stjórnanda.
- Ef ekki næst í stjórnanda og barn er talið í hættu skal starfsmaður hafa beint samband við barnavernd Reykjanesbæjar í gegnum síma **421-6700** eða **112**.
- Starfsmaður skal upplýsa stjórnanda svo fljótt sem auðið er um stöðu máls.
- Ef starfsmaður telur sig ekki geta leitað til stjórnanda skal hann hafa samband við barnavernd eða beint við það svið sem hann tilheyrir.

### Tilkynning

4


- Stjórnandi tilkynnir mál formlega til barnaverndar.
- Mikilvægt er að tilkynningin sé vel unnin og þar komi fram helstu upplýsingar um barnið og fjölskyldu þess. **Stofnanir skulu tilkynna skriflega.**
- Starfsmaður barnaverndar sem fær tilkynningu í gegnum símtal fyllir út tilkynningarblað **EYD-0013** í gæðahandbók Reykjanesbæjar.
- Hægt er að leita ráða hjá starfsmönnum barnaverndar.
- Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í gegnum **112**.



# FERLI MÁLA

## Í kjölfar tilkynningar

Í **gæðahandbók Reykjanesbæjar** má finna verklagsreglu **VRL-0006-Barnaverndarferill**. Verklagsreglan sýnir með myndrænum hætti það staðlaða ferli sem fer í gang ef tilkynning um barnaverndarmál berast.



# HVAÐA MÁL BER AÐ TILKYNNNA?

## Flokkun tilkynninga

Hér fyrir neðan má finna yfirlit yfir þau mál sem tilkynna ber til barnaverndar. Yfirlitið byggir á **skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndarstofu**. Kerfið má nálgast með því að smella [hér](#), en þar er að finna frekari upplýsingar um hvern flokk fyrir sig.

### Vanræksla

Vanræksla gagnvart barni er skilgreind sem skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns. Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndarstofu skiptist vanræksla í fjóra flokka.

#### Líkamleg vanræksla

- Döfnunarfeill
- Fæði ábótavant
- Klæðnaði ábótavant
- Hreinlæti ábótavant
- Húsnæði ábótavant

#### Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit

- Foreldri fylgist ekki nægilega vel með barninu sínu
- Barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til þess
- Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi
- Barn er skilið eftir hjá óhæfum einstaklingi og/eða einstaklingi sem beitir börn ofbeldi
- Foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar
- Barn verður forsjárlaust vegna fráfalls eða hvarfs foreldris

#### Vanræksla varðandi nám

- Mætingu barns í skóla ábótavant án inngrips foreldra
- Barn ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla v/ólögmætra ástæðna
- Foreldrar sinna ekki ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barnið
- Barn skortir ítrekað nauðsynleg áhöld til skólastarfs

#### Tilfinningaleg vanræksla

- Foreldri vanrækir tilfinningalegar þarfir barns
- Foreldri örvar hugrænan þroska barns ekki nægilega
- Foreldri vanrækir félagslegan þroska barns
- Foreldri setur barni ekki eðlileg mörk og beitir það ekki nauðsynlegum aga

### Líkamlegt ofbeldi

Með líkamlegu ofbeldi er átt við ofbeldi þegar barn er meitt viljandi á einhvern hátt eða þegar ofbeldi er beitt á óbeinan hátt. Ofbeldið leiðir til þess að barnið skaðast eða er líklegt til þess.

#### Líkamlegt ofbeldi getur til dæmis falist í að:

- Slá barn með flötum lófa
- Kýla barn með krepptum hnefa
- Sparka í barn
- Henda einhverjum hlut í barn
- Brenna barn eða hrista það
- Slá barni við vegg
- Binda barn niður þannig að það geti ekki losað sig

### Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi getur falist í athöfnum, orðum eða að myndum sé beint að barni. Ofbeldið getur átt sér stað milli fullorðins og barns eða milli tveggja barna þar sem annað hefur vald yfir hinu.

#### Kynferðislegt ofbeldi getur til dæmis falist í að:

- Hafðar eru samfarir og/eða munnmök við barn
- Þuklað er á kynfærum barns eða að barnið sé látið þukla á kynfærum einhvers
- Barn er látið horfa á kynfæri eða horft er á kynfæri barns í þeim tilgangi að örva kynferðislega
- Barni eru sýndar kynferðislegar myndir eða notuð eru kynferðisleg orð gagnvart barni í samræðum við það
- Teknar eru myndir af barni í þeim tilgangi að örva kynferðislega.

### Tilfinningalegt ofbeldi

Með tilfinningalegu ofbeldi er til dæmis átt við ofbeldi þegar foreldrar eða aðrir umsjáraðilar sýna barni viðvarandi neikvætt viðhorf eða neikvæðar tilfinningar sem kemur í veg fyrir þróun jákvæðrar sjálfsmyndar barns.

#### Tilfinningalegt ofbeldi getur til dæmis falist í að:

- Barni er sýnt viðvarandi neikvætt viðhorf eða neikvæðar tilfinningar t.d. að sífellt er sett út á útlit þess og/eða skap
- Gerðar eru óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska eins og t.d. að ætlast til þess að barn klæði sig sjálfst áður en eðlilegt getur talist að barn klæði sig sjálfst hjálparlaust
- Barn verði vitni að ofbeldi milli annarra, t.d. líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi milli foreldra eða systkina

### Heimilisofbeldi

Ekkert barn á að þurfa að verða vitni að ofbeldi, allra síst á heimili sínu. Friðhelgi heimilisins nær ekki til ofbeldis og **allt ofbeldi á heimili þar sem börn eru**, er jafnframt ofbeldi gagnvart börnum.

Afleiðingar heimilisofbeldis fyrir þann sem fyrir því verður geta verið mjög alvarlegar og jafnvel fylgt viðkomandi á unglings- og fullorðinsárin. Áhrifin geta verið félagslegir, geðrænir og líkamlegir erfiðleikar.

Algengar afleiðingar heimilisofbeldis eru:

- Áfengis- og fíkniefnanotkun
- Sjálfsvígshugleiðingar
- Kvíði og þunglyndi
- Lágt sjálfsmat

## Áhættuhegðun barna

Áhættuhegðun barna kemur oftast fram hjá börnum sem eru eldri en 13 ára. Áhættuhegðun barns er skilgreind sem athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líkleg til þess.

### Neysla barns á vímuefnum

Um getur verið að ræða algeng vímuefni eins og til dæmis:

- Áfengi
- Sniff af lími
- E-töflur
- Kókaín
- LSD
- Amfetamín
- Gras og hass
- Heróín

Þá getur einnig verið um að ræða lyf úr apóteki sem eru tekin inn með það að markmiði að komast í vímu.

### Barn stefnir **eigin heilsu og þroska í hættu**

Barn sýnir tilburði til að skaða sig sjálf, t.d. með því að:

- Þróa með sér alvarlega átröskun
- Reyna að svipta sig lífi
- Veita sjálfu sér áverka

### Barn **beitir annan einstakling ofbeldi**

- Ofbeldið getur verið líkamlegt, tilfinningalegt og kynferðislegt.

### Barn fremur **afbrot**

Barn virðir ekki útivistartíma þrátt fyrir viðleitni foreldra.

Barn tekur þátt í eða fremur glæpi, s.s.:

- Þjófnað
- Skemmdarverk
- Umferðarlagabrot
- Innbrot

### **Erfiðleikar barns í skóla**

- Barn mætir illa í skóla, sinnir ekki heimalærdómi o.fl. þrátt fyrir hvatningu foreldra.

## Heilsa eða líf ófædds barns í hættu

Stundum geta komið upp tilvik að foreldri setur ófætt barn sitt í hættu með athæfi sínu. Um þrenns konar tilvik er aðallega að ræða:

### Ofneysla móður á **áfengi eða öðrum vímuefnum**

Algeng vímuefni eru t.d.:

- Kókaín
- Heróín
- Amfetamín
- E-töflur
- Kannabis
- Samsett eða blönduð ólögleg lyf
- Áfengi

### Móðir verður fyrir **ofbeldi**

- Maki beitir móður ofbeldi á meðgöngu og barni er hætta búin vegna þess
- Heilsu og þroska ófædds barns er hætta búin vegna endurtekinna barsmíða af hálfu maka gagnvart verðandi móður og móðir slítur ekki sambandi við maka.

### **Önnur tilvik, sbr. 16. gr. barnaverndarlaga**

Heilsa og líf ófædds barns getur verið í hættu vegna þess að móðir sinnir því ekki:

- Að mæta í reglubundið eftirlit á meðgöngu
- Að næra sig og um leið barnið sitt

Næringarskortur getur oft stafað af vímuefnaneyslu.

# AÐ BERA KENNSL Á OFBELDI GEGN BÖRNUM

## Einkenni ofbeldis

Mikilvægt er að allir þekki einkenni ofbeldis. Að bera kennsl á ofbeldi gegn börnum getur verið mjög erfitt. Það getur verið mikið álag, bæði fyrir þann sem tilkynnir sem og fjölskyldu barnsins. Hér fyrir neðan má finna lista yfir helstu einkenni barna sem verða fyrir ofbeldi. Listinn er til leiðsagnar fyrir starfsmenn og er hann ekki tæmandi.

### Dæmi um sýnilega áverka líkamlegs ofbeldis:

- Hrufl eða sár á líkama
- Roði eða brunasár
- Ör eftir áverka
- Upphleypt sár á húð
- Blöðrur vegna bruna
- Augnáverkar hvers konar

#### Slys eða líkamlegt ofbeldi?

Til að geta greint þetta þarf að skoða staðsetningu áverka, hvort áverkar séu endurteknir, hegðun og líðan barns og hvort ósamræmi sé milli útskýringa á slysi og áverka hjá barni og foreldri.

### Dæmi um áverka líkamlegs ofbeldis sem hugsanlega eru ekki sýnilegir en sérfræðingar geta greint:

- Sprunga í beini
- Tognun
- Rifin hljóðhimna
- Heilaskemmdir
- Innri kviðarhols- eða brjóstholmeiðsli

Sumir áverkar eiga sér eðlilegar skýringar, til dæmis áverkar sem börn hljóta við venjulegan leik, s.s. áverkar á hnjám, sköflungi, olnboga, enni, nefi og höku.

### Líðan og hegðunareinkenni sem geta verið vísbendingar um að barn hafi verið beitt ofbeldi:

- Lítið sjálfálit
- Erfiðleikar með að treysta og elska aðra
- Getur átt erfitt með líkamlega snertingu
- Streita og óöryggi
- Árásargirni
- Reiði
- Svefnvandamál
- Áfengis- og vímuefnanotkun
- Leiði, kvíði eða þunglyndi
- Erfiðleikar í skóla
- Sjálfskaðandi hegðun
- Félagsleg samskipti erfið
- Annars konar andleg vanlíðan
- Höfuð- og magaverkir

# HAGNÝTT EFNI

## Vefsíður

Barnahús	www.barnahus.is
Barnaheill	www.barnaheill.is
Barnasáttmálinn	www.barnasattmali.is
Barnaverndarstofa	www.bvs.is
Blátt áfram	www.blattafram.is
Drekaslóð	www.drekaslod.is
Foreldrahus	www.foreldrahus.is
Heimili og skóli	www.heimiliogskoli.is
Kvennaathvarfið	www.kvennaathvarf.is
Lögreglan	www.logreglan.is
Stígamót	www.stigamot.is
Saft	www.saft.is
Umboðsmaður barna	www.barn.is
UNICEF	www.unicef.is

## Verklagsreglur

Á vef Barnaverndarstofu er að finna verklagsreglur um tilkynningarskyldu skóla- og heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda. Verklagsreglurnar eru aðgengilegar með því að smella [hér](#)

## Fræðsla fyrir fagfólk um heimilisofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum

Menntadeild Landspítala og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu hafa gefið út fræðsluefni sem er ætlað að **veita almennar upplýsingar til starfsmanna heilbrigðisstofnana um heimilisofbeldi** til að stuðla að vitundarvakningu og aukinni umræðu. Starfsmenn í heilbrigðiskerfinu geta verið í lykilstöðu að koma auga á einkenni og benda þolendum á úrræði. Fræðsluefnið er aðgengilegt með því að smella [hér](#)

Einnig er bent á **handbókina** *Ofbeldi gegn börnum - hlutverk skóla*. Bókin er aðgengileg á rafrænu formi með því að smella [hér](#)

Fræðslumyndband um áhrif ofbeldis á börn. Myndbandið er aðgengilegt með því að smella [hér](#)



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS